

# Konungleg auglýsing

Nr. 26  
27. nóv.

um

**að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Það Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærvist, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjærvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vjer komum heim aftur.

Gefið á Amalíuborg, 27. nóvember 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*